

Fundarnúmer:	555
Dagsetning:	25.08.2008
Tími:	10:00
Staður:	Ráðhús

Dagskrá:

1. Aðalfundarboð Reykjahöfða ehf.
2. Eftirfylgni v/ tillagna NV-nefndar.
3. Umsjónarmaður skólamannvirkja. Drög að auglýsingu.
4. Opnir dagar í Brussel.
5. Tilboð frá Steypustöðinni Hvammstanga ehf. í steipt plan gámavallar.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt aðalfundarboð Reykjahöfða ehf. en fundurinn verður haldinn í húsnæði Sparisjóðsins á Hvammstanga þann 29. ágúst nk. kl. 14:00. Byggðarráð samþykkir að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
2. Farið yfir einstakar tillögur Norðvesturnefndar og eftirfylgni sveitarstjórnar vegna þeirra. Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að óska eftir viðtali við menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttir, um eflingu fjarnámsdeildar og möguleika á stofnun framhaldsdeildar á Hvammstanga. Einnig rætt um tillögur vegna samgöngumála í héraði og stöðu Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga og eftirfylgni tillagna.
3. Fram lögð drög að auglýsingu um starf umsjónarmanns skólamannvirkja. Sveitarstjóra falið að klára auglýsinguna í samráði við viðkomandi forstöðumenn.
4. Opnir dagar Héraðsnefndar Evrópusambandsins verða haldnir í Brussel 6.-9. október nk. Byggðarráð samþykkir að Raket Runólfsdóttir verði fulltrúi Húnaþings vestra á opnum dögum í Brussel.
5. Fram lagt tilboð Steypustöðvarinnar Hvammstanga ehf. í steipt plan gámavallar. Tilboðið er kr. 6.600.000- Byggðarráð samþykkir að ganga til samninga við steypustöðina á grundvelli tilboðsins.

Samþykkt að taka á dagskrá:

6. Byggðarráð samþykkir að segja upp leigusamningi við Bland í poka ehf. um rekstur Tjaldsvæðisins í Kirkjuhvammi. Samningurinn rennur út 31. desember nk. en uppsögn skal miðast við 1. september. Byggðarráð samþykkir að auglýsa í framhaldinu eftir aðila til að taka að sér rekstur tjaldsvæðisins.
7. Fram lögð til kynningar skýrsla starfshóps um kynningarátak í Húnaþingi vestra.
8. Byggðarráð samþykkir að boða fulltrúa Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga til viðræðna um stöðu heilbrigðisstofnunarinnar.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:25

Heimir Ágústsson(sign.), Skúli Þórðarson(sign.).
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
Elín R. Líndal(sign.),

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).